

### III. viðauki þjónustusamnings um verkefni á sviði framhaldsfræðslu, sem undirritaður var 14. desember 2015.

#### 1. gr.

Þar sem ekki hefur verið tekin afstaða til tillagna í heildarúttekt á starfsemi FA, samanber grein 4.4. í samningnum og ekki er hægt að endurnýja samning fyrr en að því loknu, er hér með gerður III. viðauki samningsins. Er viðaukinn undirritaður sameiginlega af félags- og vinnumarkaðsráðuneyti og mennta- og barnamálaráðuneyti í ljósi þess að málaflokkur framhaldsfræðslu (22.20) var færður frá mennta- og menningarmálaráðuneytinu til félags- og vinnumarkaðsráðuneytis, kt. 521218-0610, með forsetaúrskurði um skiptingu stjórnarmálefna milli ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands, nr. 6/2022, sem tók gildi 1. febrúar 2022.

Við þessa breytingu var jafnframt ákveðið að skipta heildarfjárveitingum á fjárlögum til FA á tiltekin fjárlaganúmer í báðum ráðuneytum. Fjárframlag frá félags- og vinnumarkaðsráðuneytinu á grundvelli viðauka þessa vegna þjónustu FA við framhaldsfræðsluaðila verður 116,6 m.kr. fyrir árið 2024 og fjárframlag frá mennta- og barnamálaráðuneytinu á grundvelli viðauka þessa vegna þjónustu FA við framhaldsskólana verður 40 m.kr. á sama tímabili Markmið þeirrar tilhögunar er að tryggja samstarf og brú á milli framhaldsfræðslu- og framhaldsskólakerfisins.

#### 2. gr.

Félags- og vinnumarkaðsráðuneytið óskar sérstaklega eftir að þau verkefni sem unnin verða árið 2024, og sem tiltekin eru í 2. kafla samningsins, séu í samræmi við stefnu stjórnvalda og nýtist markhópi laga um framhaldsfræðslu, atvinnulífi og samstarfsaðilum með beinum og mælanlegum aðgerðum sem sýna árangur og eftirspurn eftir þjónustu FA.

#### 3. gr.

Mennta- og barnamálaráðuneyti óskar eftir að með framlagi þess verði sérstök áhersla í verkefnum ársins 2024, samkvæmt 2. kafla samnings, lögð á aukin tengsl framhaldsfræðslukerfisins við framhaldsskóla, s.s. með mótun námsbrauta fyrir fullorðna einstaklinga með stutta skólagöngu, sem vilja ljúka námi í framhaldsskóla og kynningu á raunfærnimati og þjálfun meðal starfsfólks framhaldsskólanna.

#### 4. gr.

Þrátt fyrir 4. gr. II. viðauka samningsins skal samningurinn gilda til og með 31. desember 2024.

#### 5. gr.

Þrátt fyrir vísun til laga um fjárreiður ríkisins nr. 88/1997 og reglugerða sem settar hafa verið á grundvelli þeirra laga í 1.1. og 2.1. gr. samningsins skulu lög um opinber fjármál nr. 123/2015, gilda um samninginn, sbr. 1.1. gr. samningsins, sem og um fjármál sjóðsins, sbr. 2.1. gr. samningsins.

#### 6. gr.

Þrátt fyrir vísun til laga um Ríkisendurskoðun, nr. 86/1997, í 4.1. gr. samningsins skulu lög um ríkisendurskoðanda og endurskoðun ríkisreikninga, nr. 46/2016, gilda um eftirlit með samningnum og umsömdum verkefnum, sbr. 4.1. gr. samningsins.